

Nd.

22. Frumvarp til laga

[22. mál]

um breyting á lögum nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Flm.: Magnús Kjartansson, Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Fyrsti liður 1. greinar laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að þriðji kafli laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og sveitum taki fullt gildi á ný, en í honum fólst sem kunnugt er áætlun um viðtækar íbúðarhúsabyggingar handa almenningi, þannig að útrýmt yrði á stuttum tíma híbýlum, sem heilsutjón stafar af að mati lækna. Þessi löggjöf var við hlið tryggingalaganna og nýju fræðslulöggjafarinnar merkasta félagsmálalöggjöf, sem sett hefur verið hér á landi. Af framkvæmdum varð hins vegar minna en vonir stóðu til. Samkvæmt þessum lögum voru byggðar 64 íbúðir í Reykjavík og fáeinar íbúðir á Ísafirði, en síðan var lagakaflinn raunverulega felldur úr gildi vorið 1948 af fylgismönnum ríkisstjórnar þeirrar, sem Alþýðuflokkurinn veitti þá forustu.

Ástæðan til þeirrar ráðstöfunar var þó ekki sú, að fyrstu stjórn Alþýðuflokksins hefði tekizt að vinna bug á húsnæðiseyðmíni, heldur hefur hún farið sívaxandi ár eftir ár. Árið 1946 var framkvæmd rannsókn á húsnæði í Reykjavík, og komst héraðslæknir þá að þeirri niðurstöðu, að af 326 braggaíbúðum væru 200 heilsuspillandi og af 1884 kjallaraíbúðum væru 452 heilsuspillandi (en kjallaraíbúðir eru sem kunnugt er bannaðar með lögum!). Í þessum 652 íbúðum bjuggu þá um 3300 manns, en rannsókn var engan veginn tæmandi, náði t. d. ekki til skúra, súðaríbúða og því líkra húsakynna, sem orðið hafa æ algengari. Hliðstæðar tölur eru ekki til frá síðari árum, en ástandið hefur tvímælalaust versnað að miklum mun. T. d. skýrði húsaleigunefndin í Reykjavík frá því s. l. vetur, að hún hefði vitneskju um, að 1677 manns, þar af 419 börn, byggju í bröggum og öðru bráðabirgðahúsnæði, en það er 377 manns fleira en bjó í bröggum 1946.

Á sama hátt og ríkisstjórn sú, sem Alþýðuflokkurinn veitti forstöðu, felldi niður hina myndarlegu og merkilegu áætlun nýsköpunarstjórnarinnar um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis gerði hún sérstakar ráðstafanir til að torvela einstaklingum að koma sér upp íbúðum af eigin rammleik. Fékk fjárhagsráð einokunarvald til að koma í veg fyrir byggingarframkvæmdir í landinu, og það vald hefur verið notað í sívaxandi mæli. Þá hefur byggingarkostnaður aukizt úr hófi fram sökum sívaxandi dýrtíðar, sem fyrst og fremst stafar af aðgerðum innlendra stjórnarvalda, og fjáröflunarmöguleikar hafa verið stórlega skertir. T. d. skýrði Landsbankinn frá því í bréfi til hæjarstjórnar Reykjavíkur um síðustu áramót, að hann hefði ekkert fé lánað til íbúðarhúsabygginga næstu tvö ár á undan, og ekki mun hafa orðið stefnubreyting í þeirri stofnun síðan.

Afleiðingar þessarar stefnu koma glöggst í ljós, þegar athugað er, hversu margar íbúðir hafa verið fullgerðar á ári undanfarið. Þær tölur eru á þessa leið samkvæmt skýrslum byggingarfulltrúans í Reykjavík:

1938	218
1939	260
1940	25
1941	335
1942	417
1943	354
1944	339
1945	541
1946	634
1947	468
1948	490
1949	366

Á þessu ári verða fullgerðar miklum mun færri íbúðir en í fyrra, og framtíðarhorfurnar má marka af því, að samkvæmt skýrslu byggingarfulltrúans hefur í ár aðeins verið hafin bygging á 35 — þrjátíu og fimm — nýjum íbúðarhúsum í Reykjavík!

Sést glöggst, hversu alvarleg þessi þróun er, þegar þessar tölur eru bornar saman við þær fyrri, um þúsundir manna í húsnæði, sem talið er hættulegt heilsu og lífi, og þegar athuguð er sú staðreynd, að 200—300 nýjar íbúðir þarf á ári til að fullnægja eðlilegri fjölgun Reykvíkinga, halda í horfinu. Í því sambandi er einnig vert að benda á, að iðnaðarmenn og byggingarverkamenn telja mjög alvarlegt atvinnuleysi vera framundan og hafa sent frá sér ítrekaðar áskoranir til stjórnarvaldanna um auknar byggingarframkvæmdir.

Um þjóðfélagslegar afleiðingar húsnæðiseyðingarinnar þarf ekki að fjölyrða. Þær voru ræddar á eftirminnilegan hátt í blaði hæstvirts félagsmálaráðherra um síðustu áramót, og mikill meiri hluti alþingismanna lét í ljós fullan skilning á þeim — fyrir síðustu kosningar. Allmargir þessara sömu þingmanna voru að vísu næsta tómlátir á síðasta þingi, þegar þetta mál var flutt, og það jafnvel þeir, sem sízt skyldi og gefið höfðu innilegust loforðin um baráttu gegn húsnæðisskortinum, en þeim mun frekari ástæða er þá til að gefa þeim tækifæri til að endurskoða afstöðu sína. Helzta mótbáran á síðasta þingi var gjaldeyrisskortur, en þau rök verða ekki tekin alvarlega frá þeim mönnum, sem bera ábyrgð á því, að togarafлотinn hefur verið stöðvaður í meira en hundrað daga og að freðfiskframleiðslan er aðeins brot af því, sem eðlilegt væri. Fyrir þann gjaldeyri, sem þannig hefur verið kastað á glæ, hefði mátt byggja margar og góðar íbúðir handa því fólki, sem nú neyðist til að lifa við sárustu eynd.

Það er staðreynd, að „einstaklingsframtakið“ getur ekki leyst húsnæðisvandræðin, allra sízt meðan hendur þess eru fjötraðar af stjórnarvöldum. Hið opinbera getur því með engu móti skotizt undan þeirri skyldu að rétta hlut þess fólks, sem býr við kjör, vansæmandi hverri þeirri þjóð, sem vill láta kenna sig við menningu. Með þessu frumvarpi er lagt til, að snúizt verði við þeim vanda af stórhug og myndarskap, eins og ákveðið var fyrir rúmum fjórum árum.